

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – október 2025

Skráð atvinnuleysi í október var 3,9%

Skráð atvinnuleysi í október var 3,9% og jókst um 0,4% frá síðasta mánuði. Í október 2024 var atvinnuleysið hins vegar 3,4%.

Að meðaltali voru 8.030 atvinnulausir í október, 4.661 karl og 3.369 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fjölgaði um 682 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í október eða 7,1% og hækkaði úr 5,6% frá fyrri mánuði.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,3%.

Alls komu inn 126 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í október.

Atvinnulausir voru 8.573 í lok október, 4.952 karlar og 3.621 kona.


Í október 2025 gaf Vinnumálastofnun út 396 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 345 á höfuðborgarsvæðinu.

Í október voru 211 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 6 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi fari hækkandi í nóvember og verði um 4,2-4,3%.

Horfur á vinnumarkaði hafa versnað undanfarið og því gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að atvinnuleysi aukist áfram næstu mánuði umfram venjubundna árstíðarsveiflu.

Próun atvinnuleysis frá október 2023 til október 2025



Atvinnuástand eftir landshlutum


Atvinnuleysi jókst og fór úr 3,5% í 3,9% á landinu sem heild og töluverðar breytingar áttu sér stað á milli svæða.

Atvinnuleysi hækkaði mest á Suðurnesjum, fór úr 5,6% í 7,1%. Atvinnuleysi lækkaði hvernig á landinu. Atvinnuleysi var 3,6% á landsbyggðinni í október mánuði og 4,1% á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 1,3%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í september og október.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á landinu öllu í október og á meirihluta svæða. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á Norðurlandi eystra þar sem atvinnuleysi karla var 3,1% en atvinnuleysi kvenna 2,4%. Á Vestfjörðum var því þó öfugt farið en þar mældist 3,0% atvinnuleysi meðal kvenna en 2,4% meðal karla.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í október.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 8.573 í lok október, 4.952 karlar og 3.621 kona. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 470 frá septemberlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 262.

Alls voru 2.267 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok október og fjölgaði um 260 frá lokum september.


Alls höfðu 1.619 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok október. Í október 2024 var fjöldi þeirra hins vegar 1.239 og nemur fjölgunin 380 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 1.885 í október síðastliðnum en voru 1.689 í október 2024.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði töluvert heilt yfir í október en þróunin var misjöfn eftir atvinnugreinum. Mest var fjölgunin í ferðapjónustu þar sem atvinnulausum fjölgaði um 314, í gistipjónustu þar sem fjölgaði um 114 og í byggingarstarfsemi um 60. Þá fjölgaði atvinnulausum um 55 í veitingarþjónustu og 40 í iðnaði.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum




Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.886 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok október og fjölgaði um um 476 frá því í lok september. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var 57% í lok október.


Vinnumálastofnun áætlað að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi hafi verið 8,3% í október samanborið við 2,3% hjá Íslendingum.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.943 sem er um 40% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst komu atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok október 2025



Atvinnuleyfi


Atvinnuleyfi

Í október 2025 gaf Vinnumálastofnun út 396 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 345 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 204 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 192 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í október, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna náms eða 158 leyfi. Þá voru gefin út 85 leyfi vegna sérfræðipekkingar og 59 vegna fjölskyldusameininga.

Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í október voru flest leyfi gefin út vegna stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 35%, 31% vegna þjónustustarfa og 13% vegna sölu- og afgreiðslustarfa. Um 21% voru í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í október 2025




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í október voru gefin út 108 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 60 einstaklingar, 16 fóru til Spánar, 5 til Slóvakíu og 5 til Grikklands. Þá voru gefin út 22 vottorð til viðbótar til 11 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, október 2025




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 126 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í október. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 83 störf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 56% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 18% á Suðurnesjum og 9% á Norðurlandi vestra. Þá voru 17% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í október 2025



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í október voru 211 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 6 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 142 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.